



## Sýning á verkum Gilberts & George opnuð í Listasafni Reykjavíkur í dag



Morgunblaðið/Einar Falur

# Myndirnar allar um veiruna en urðu til á undan henni

Einar Falur Ingólfsson  
efi@mbl.is

„Við erum vonsviknir yfir því að geta ekki mætt, ekki síst vegna þess að Ísland er sú eyja sem er í næstmestu uppáhaldi hjá okkur,“ sögðu bresku myndlistarmennirnir kunnir Gilbert & George þegar blaðamaður heim sótti þá í London í vikunni. Sú eyja sem er í mestu uppáhaldi hjá þeim er heimalandið, Bretland, en þeir höfðu lagt mikla alúð í að hanna módelið að sýningunni í Hafnarhúsinu sem þeir sitja hér við en sýningin er í mörgum sölum og á henni fjölmörg og gríðarstór verk.

Veirufaraldurinn veldur því að Gilbert & George verða að sitja heima og ná ekki að hitta gesti í Hafnarhúsinu. Í rúma hálfu öld hafa þeir verið meðal kunn-

ustu og umtöludustu listamanna Breta, yfirlýstir íhaldsmenn og guðleysingjar, en við upphaf ferilsins breyttu þeir lífi sínu í samfelldan gjörning.

Þrátt fyrir að þurfa nú í fyrsta skipti síðan þeir kynntust að borða heima hjá sér og margt hafi breyst hafa þeir ekki setið auðum höndum í einangrun.

„Ástandið hefur ekki breytt því hvernig við vinnum, við höfum skapað 85 ný verk,“ sögðu þeir spenntir. „Við höfðum lokið við að hanna verkin þegar veiran skall á, gáfum myndröðinni heiti strax í janúar og köllum *The New Normal Pictures*. Og þremur vikum síðar fengu verkin – og heitið – alveg nýja merkingu með veirunni.

Við vorum fyrstir með þetta! Myndirnar eru allar um veiruna en urðu til á undan henni.“ »48